

Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 12. gr. reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, með síðari breytingum.

Starfsleyfisskilyrði fyrir smurstöðvar

1. Almenn ákvæði og gildissvið

- 1.1 Starfsleyfisskilyrðin ná yfir rekstur smurstöðva.
- 1.2 Starfsleyfisskilyrðin ná til ofangreindrar starfsemi enda sé hún í samræmi við samþykkt notkun fasteignar og gildandi skipulag. Heilbrigðisnefnd setur ítarlegri skilyrði ef aðstæður krefja.
- 1.3 Ef fyrirtækið er með annan starfsleyfisskyldan rekstur gilda um hann viðeigandi starfsleyfisskilyrði.

2. Ásýnd lóðar og lóðarmörk

- 2.1 Fyrirtækið skal haga nýtingu lóðar í samræmi við samþykkt skipulag. Virða skal lóðamörk og ekki geyma hluti á öðrum svæðum en fyrirtækið hefur til afnota.
- 2.2 Óheimilt er að geyma lausamuni s.s. úrgangsolútunnur á lóðum þannig að snúi að almannafæri eða valdi slyshættu. Ílátum undir úrgang skal haldið heilum og þrífalegum.

3. Mengunarvarnir

- 3.1 Óheimilt er að losa hættuleg efni og spilliefni í fráveitu.
- 3.2 Hafa skal olúgildru á fráveitulögn frá niðurföllum þar sem vinna með olíur fer fram. Stærð, gerð og staðsetning gildru skal ákveðin í samráði við heilbrigðiseftirlit og byggingafulltrúa.
- 3.3 Halda skal notkun olúhreinisefna í lágmarki. Til hreinsunar á gólfum skal nota sápuefni og/eða olúhreinna sem hæfa olúgildrum.
- 3.4 Hafa skal reglubundið eftirlit með olúgildru og láta viðurkenndan aðila annast tæmingar.
- 3.5 Þar sem hætta er á að fljótandi úrgangur, olíur eða olúefni, fari niður ber að hafa til reiðu búnað til upphreinsunar s.s. blautsugu, tvist eða sag.

4. Geymsla á olíu og olúefnum

- 4.1 Olútankar þurfa samþykki byggingarfulltrúa og heilbrigðiseftirlits og skulu uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 35/1994 um varnir gegn olúmengun frá starfsemi í landi, með síðari breytingum.
- 4.2 Staðsetja skal tanka og tunnur undir olúefni þ.m.t. úrgangsolú í þróm eða lekabyttum innandyra eða tryggja á annan hátt að innihaldið berist ekki í niðurföll. Ef olúefni eru geymd utandyra skal það vera í skýli eða á annan þann hátt sem heilbrigðiseftirlit samþykkir.

5. Spilliefni og annar úrgangur

- 5.1 Ópressaðar olúsiur og úrgangsolía teljast spilliefni og skal skila til viðurkenndrar spilliefnamóttöku. Þurrum, pressuðum olúsfum má skila með öðrum málmúrgangi.
- 5.2 Ganga skal þannig frá olúsmituðum úrgangi þar til að hann er fluttur til förgunar að ekki sé hætt á mengun.
- 5.3 Farið skal eftir ákvæðum mengunarvarnareglugerða varðandi meðhöndlun og skil á spilliefnum eins og þau eru á hverjum tíma.
- 5.4 Flokka skal annan úrgang sem til fellur eins og reglugerðir kveða á um á hverjum tíma.